

Alþingi  
Erindi nr. Þ 126/2126  
komudagur 30.4.2001

Háttvirta Heilbrigðisnefnd.

Grundarfjórður 24.04.01.

Ég undirritaður Örn Karlsson kt: 070955-2379 vil leggja inn breytingartillögu við 9.gr. b.lið í frumvarpi nefndarinnar til breytingar á lögum um tóbaksvarnir. Í 9.gr.b.lið stendur orðrétt “ Við 1.mgr. 10.gr. bætist nýr töluliður þar sem kveðið er á um algert bann við tóbaksreykingum í fangelsum utan fangaklefa en það má leyfa að reykingar. Verður það ákvörðun stjórnenda í hverju tilviki hvort reykingar eru leyfðar. Með ákvæði þessu, sem sett er í samráði við Fangelsismálastofnun ríkisins, er stuðlað að betri líðan og heilsu fanga og fangavarða. “ Mín tillaga er sú að í stað fangaklefa komi reykkerbergi.

Lögin eru að öðru leyti mjög góð og spanna yfir breitt svið og fangar fá að sitja við sama borð og aðrir við not þessara laga. Margar stofnannir og einkaðaliðar hafa komið þessu fyrirkomulagi á, með sátt og samlyndi.Ég undirritaður þekki til staðháttu í öllum fangelsum, og sem betur fer er þetta hæðarleikur að koma við, þessi tillaga ætti að mæta fullum skilningi hjá fangelsismálastofnun, því þar á bæ er algert reykingarbann bæði inni á skrifstofum og í sameiginlegu rími. Fangar þurfa að búa á þessum stofnunum með góðu eða illu allan sólahringinn og fyrirkomulag loftræstinga leyfa ekki reykingar inn á herbergjum. Þeir kostir sem fylgja þessu fyrirkomulagi eru margþættir, reykingarmenn fá vistlegt og vel loftræst herbergi, á sama tíma losna aðrir vistmenn við þennan vágast sem óbeinar reykingar eru úr sínum vistarverum, og reykingar inn á herbergjum eru oftast framkvæmdar við opnar dyr þrátt fyrir önnur tilmæli fangelsisyrvalda, og reykurinn líður um öll húsakinni. Í fangelsum er mikil hreyfing á vistmönnum, og allt of oft tekur reyklus maður við herbergi eftir annan reykingarmann og þá er allt herbergið löðrandi í tjöru og fýlu þ.m.t. rúm og sængurfatnaður.

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að koma í veg fyrir flest öll vandamál, og á sama tíma getur Fangelsismálastofnun boðið vistmönnum sínum reyklusar vistarverur án þess að ganga á þarfir reykingarmanna, og eins og textinn segir “stuðlað að betri líðan fanga og fangavarða.

Virðingarfyllst.

